## Fundur FFA mánudaginn 26. september 2013 kl. 20.30

Mættir voru: Anna, Halldóra, Hanna, Hrefna, Júlía, Kristín, Þóra og Örn

- Stjórnarmenn skiptu með sér hlutverkum vetrar.
  - Halldóra Hreinsdóttir- Formaður
  - Anna María Jónsdóttir– Varaformaður
  - Gjaldkeri – Hrefna Díana Viðarsdóttir
  - Ritari – Örn Ævar Hjartarson
  - Stjórn – Þóra Guðrún Einarsdóttir
  - Stjórn – Júlía Jörgensen
  - Varamaður – Aðalheiður Hanna Björnsdóttir

- Stjórnin keypti morgunmat fyrir 10. bekkinn á meðan samræmdu prófin voru og gjaldkeri ætla að greiða hann á föstudaginn ef sjóður félagsins dugar annars strax og hægt er.

- Fyrsti fundur FFGÍR verður 2. október kl. 17.30 og hefur FFA alltaf sent einhvern á fundina. Örn Ævar og Hanna ætla að mæta fyrir hönd FFA.
  - Athuga með endurskinsborða.
  - Athuga þátttöku foreldrafélaga í öðrum skólum í bekkjarferðum nemenda.

- Ákveðið var að fulltrúar foreldrafélagsins munu afhenda barmblóm á lokahófi 10. bekkjar. það atriði verður nánar útfært þegar nær dregur.

- FFA ætlar að ýta á eftir því að allir nemendur skólans viti hvernig bregðast eigi við þegar brunabjalla fer í gang. Mikilvægt er að æfingar verði haldnar með nemendum.

- FFA ætlar að sjá til þess að Facebook síður árgangana verði stofnaðar af foreldrum og hvetja foreldra til að ræða málin um efni sem varða árgangana.

- Hrefna ætlar að búa til auglýsingu varðandi sölu á afgangs buffum og peysum. Sendur verður póstur á foreldra og einnig verður auglýsing sett á Facebook síðu Akurskóla.

- Bekkjarfulltrúafundur verður mánudaginn 14. október kl. 20.00 þar sem starf bekkjarfullrúa verður kynnt.  Fyrir fundinn ætlum við að fá upplýsingar um alla bekkjarfulltrúa og senda út póst til allra foreldra varðandi að fá foreldra með í bekkjarfulltrúastörfin.

- Ég og þú, þú og ég. Við saman.  Halldóra var búin að fá Ínu Hrund til að sjá um verkefnið og skipuleggja. Verkefnið er í byrjun nóvember fyrir 1.-3. bekk og einnig fyrir 4.-7. bekk.

- Rætt var um afstöðustjórnarinnar varðandi styrktarmál og skemmtanahald fyrir nemendur en engin niðurstaða fékkst. Málið verður tekið upp á næsta fundi.

  Fundi slitið 22:15